

Aðalfundur faghóps um rafræna opinbera þjónustu

11. apríl 2012, kl. 17:00

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Umræða um skýrslu stjórnar
4. Breytingartillaga á samþykktum hópsins, sbr. fundarboð
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál
 - a. Hugmyndir um starfsemi hópsins 2012

Fundargerð

1. Fundarstjóri og ritari var kosinn Sigrún Eva Ármannsdóttir
2. Lesin var upp skýrsla stjórnar af formanni
3. Umræða um störf síðasta árs spunnust í kringum skýrslu stjórnar, ánægja var með störf. Skýrsla stjórnar samþykkt án breytinga.
4. Borin var upp á fundinum eftirfarandi breytingartillaga formanns við 3. grein stofnsamþykktar faghópsins. Breytingarnar eru feitletraðar og það sem dettur út yfirstrikað:

Núverandi grein: Aðalfundur skal boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal haldinn í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö mönnum, formanni og fjórum til sex meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum. Æskilegt er að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórninni í sem jöfnustum hlutföllum.

Breytingartillaga: ~~Aðalfundur skal boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal haldinn í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin~~ **Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi SKÝ er kosin** til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö mönnum, formanni og fjórum til sex meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum. Æskilegt er að ríki, sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eigi fulltrúa í stjórninni í sem jöfnustum hlutföllum.

Breytingartillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundar.

5. Eftirfarandi 6 aðilar voru kosnir í stjórn skv. 3. grein stofnsamþykktar með öllum atkvæðum samþykktum:
 - a. Halla Björg Baldursdóttir – formaður, Þjóðskrá Íslands
 - b. Eggert Ólafsson, Reykjavíkurborg
 - c. Guðfinna B. Kristjánsdóttir, Garðabær
 - d. Örn S. Kaldalóns, ICEPRO
 - e. Fjóla Jónsdóttir, TM Software
 - f. Sigrún Eva Ármannsdóttir, Advania

Stefán Þór Stefánsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs þar sem hann skipti um starfsvettvang og eru honum þökuð góð störf. Í hans stað kemur Fjóla Jónsdóttir.

6. Undir liðnum önnur mál var rætt um hugmyndir að starfsemi hópsins fyrir starfsárið 2012. Lögð var fram hugmynd að fundi um reynslu af fyrstu rafrænu íbúakosningunni í Reykjavík og mun ný stjórn taka málið áfram.

Fundi slitið 17:30.

Reykjavík 11.04.2014
Ritari fundar,
Sigrún Eva Ármannsdóttir